

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Fundargerð

Verknr. 1156

1. fundur svæðisskipulagsnefndar í Dalabúð í Búðardal

Þriðjudaginn 23. febrúar 2016, kl. 16.00-19.15

3/3/2016

Fundarefni: Formlegt upphaf svæðisskipulagsgerðar, verkefnið útskýrt, farið yfir tillögu að starfsreglum og umsókn í Skipulagssjóð, sbr. dagskrá sem var send út fyrir fundinn.

Fundarmenn: Fundurinn skiptist í fyrri og síðari hluta. Fyrri hlutinn var frá 16.00-17:20 og til hans voru boðaðir aðal- og varamenn í svæðisskipulagsnefnd. Á síðari hluta fundarins, sem stóð frá 17:30-19:15, voru auk svæðisskipulagsnefndar boðaðir fulltrúar í sveitarstjórn og nefndum sveitarfélaganna sem tengjast viðfangsefnum svæðisskipulags. Einnig starfsmenn sveitarfélaganna eða stofnana þeirra sem hafa með tengd málefni að gera.

Fyrri hluta fundarins sátu:

- Frá Dalabyggð: Hörður Hjartarson aðalfulltrúi í svæðisskipulagsnefnd og varafulltrúarnir Jóhannes Haukur Hauksson og Ingveldur Guðmundsdóttir auk Sveins Pálssonar sveitarstjóra. Halla Steinólfsdóttir boðaði forföll.
- Frá Reykhólahreppi: Ágúst Már Gröndal og Karl Kristjánsson aðalfulltrúar í svæðisskipulagsnefnd og Áslaug Berta Guttormsdóttir og Sandra Rún Björnsdóttir varafulltrúar, auk Ingibjargar Birnu Erlingsdóttur sveitarstjóra.
- Frá Strandabyggð: Haraldur V. A. Jónsson fulltrúi í svæðisskipulagsnefnd, Ingibjörg Benediktsdóttir varamaður í svæðisskipulagsnefnd og Ásta Þórisdóttir sveitarstjórnarfulltrúi, auk Andreu K. Jónsdóttur sveitarstjóra.
- Frá Alta: Matthildur Kr. Elmarsdóttir verkefnisstjóri og Björg Ágústsdóttir og Herborg Árnadóttir ráðgjafar.

Síðari hluti fundar sátu auk starfsmanna frá Alta:

- | | |
|---|---|
| 1. Andrea K. Jónsdóttir, Strandabyggð. | 15. Jóhanna S. Árnadóttir, Dalabyggð. |
| 2. Ágúst Már Gröndal, Reykhólahreppi. | 16. Jóhannes H. Hauksson, Dalabyggð. |
| 3. Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólahreppi. | 17. Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi. |
| 4. Áslaug Guttormsdóttir, Reykhólahreppi. | 18. Magnína G. Kristjánsdóttir, Dalabyggð. |
| 5. Baldur Ragnarsson, Flatey, Reykhólahreppi. | 19. Ólafur Sveinsson, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. |
| 6. Bogi Kristinsson, Dalabyggð. | 20. Sandra Rún Björnsdóttir, Reykhólahreppi. |
| 7. Eyþór J. Gíslason, Dalabyggð. | 21. Sveinn Pálsson, Dalabyggð. |
| 8. Guðrún Marta Ársælsdóttir, Flatey, Reykhólahreppi. | 22. Valdís Einarsdóttir, Dalabyggð. |
| 9. Hjalti Hafþórsson, Reykhólahreppi. | 23. Valdís Gunnarsdóttir, Dalabyggð. |
| 10. Hörður Hjartarson, Dalabyggð. | 24. Viðar Þór Ólafsson, Dalabyggð. |
| 11. Ingibjörg B. Erlingsdóttir, Reykhólahreppi. | 25. Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppi. |
| 12. Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð. | 26. Þorsteinn Jónsson, Dalabyggð. |
| 13. Ingveldur Guðmundsdóttir, Dalabyggð. | 27. Þorkell Cýrusson, Dalabyggð. |
| 14. Jóhann Björn Arngrímsson, Strandabyggð. | |

Fundarritari: Herborg Árnadóttir. Yfirfarið af Matthildi og Björgu.

Gögn kynnt á fundinum: Drög að umsókn til Skipulagssjóðs (Skipulagsstofnunar) ásamt verk- og kostnaðaráætlun. Drög að starfsreglum svæðisskipulagsnefndar. Kynningarglærur um svæðisskipulag og svæðisskipulagsverkefnið.

Fyrri hluti fundar:

Sveinn, sveitarstjóri Dalabyggðar bauð fólk velkomið og kynnti aðdraganda verkefnisins og ákvörðun sveitarfélaganna þriggja um að hefja gerð svæðisskipulags. Fundarmenn og ráðgjafar kynntu sig í kjölfarið.

Matthildur frá Alta, verkefnisstjóri, fór yfir fyrirbyggjandi dagskrá fundarins og flutti síðan kynningu á vinnunni sem framundan er. Hún útskýrði um hvað svæðisskipulagsvinnan snýst, hvernig aðilar á svæðinu koma að því og hver sé væntur ávinningur fyrir svæðið. Hún kynnti fordæmi um samvinnu sveitarfélaga á svæðisvísu frá Írlandi og Noregi. Einnig var verkefnisstjórnunarvefur kynntur, en það er lokað svæði sem ætlað er til að halda utan um upplýsingar, vinnugögn og framgang vinnunnar. Vefurinn verður aðgengilegur aðal- og varamönnum í svæðisskipulagsnefnd, sveitarstjórnarfulltrúum og sveitarstjórum. Ennfremur kynnti Matthildur vef sem verður opinn íbúum þar sem upplýsingar um verkefnið koma fram og fréttir af því verða sagðar. Þá voru sýnd kort með grunnupplýsingum sem verða nýttar til að greina svæðið og móta stefnu á grunni greiningarinnar. Matthildur útskýrði jafnframt hlutverk svæðisskipulags sem heildstæðrar áætlunar til langs tíma. Síðan fór hún yfir helstu áfanga verkefnisins en sá fyrsti felst í að skrifa lýsingu verkefnisins í samræmi við skipulagslög.

Næst fór Matthildur yfir drög að umsókn í Skipulagssjóð og staldraði þar sérstaklega við kostnaðaráætlun. Engar athugasemdir voru gerðar við drögin, sem voru undirbúin í samráði við sveitarstjórana þrjá.

Björg frá Alta fór því næst yfir drög að starfsreglum svæðisskipulagsnefndar og útskýrði einstakar greinar. Drögin voru undirbúin í samráði við sveitarstjórana þrjá. Engar athugasemdir voru gerðar við drögin. Spurt var út í úrlausn ágreiningsmála og útskýrði Björg hvernig gert væri ráð fyrir að leyst yrði úr þeim samkvæmt drögunum. Nefndin samþykkti framlögð drög að starfsreglum og að senda þau til Skipulagsstofnunar til umsagnar og til sveitarstjórnanna þriggja til samþykktar, sbr. ákvæði skipulagslaga.

Fyrri hluta fundarins var svo slitið og gert kaffihlé.

Síðari hluti fundar:

Sveinn, sveitarstjóri Dalabyggðar bauð fólk velkomið og kynnti aðdraganda verkefnisins.

Matthildur kynnti svæðisskipulagsverkefnið aftur fyrir þennan hóp í aðeins lengra máli. Þar fór hún sérstaklega yfir hvað svæðisskipulag er í skilningi skipulagslaga og samhengi þess við aðalskipulag. Hún fór yfir þær sameiginlegu áskoranir sem sveitarfélögin standa frammi fyrir og hafa ákveðið að takast á við í sameiningu með gerð svæðisskipulags. Hún lýsti hvernig áherslan verður á að draga upp heildstæða mynd af sérkennum svæðisins í auðlindum, landslagi, sögu, búsetu og atvinnulífi og byggja stefnumótun í atvinnu-, samfélags-, menningar, umhverfis- og skipulagsmálum á þeirri mynd. Í máli Matthildar kom fram að á vinnslutímanum yrði leitað til íbúa og stofnana um margvísleg gögn, upplýsingar og hugmyndir. Þátttaka íbúa myndi m.a. eiga sér stað á vinnufundum sem ráðgerðir væru, en hópi fólks - fulltrúum af svæðinu - yrði boðið að taka þátt og vera þannig nokkurskonar bakland eða stuðningshópur svæðisskipulagsnefndar. Sérstaklega yrði leitað til fólks sem hefur góða þekkingu á náttúru, sögu, menningu og atvinnulífi sveitarfélaganna, til fulltrúa félagasamtaka, atvinnugeira og tiltekinna aldurshópa, gerenda í samfélaginu og þeirra sem eru almennt áhugasamir um framtíðarþróun svæðisins. Einnig yrði leitað til fólks sem starfar hjá fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast viðfangsefnum svæðisskipulagsgerðarinnar. Áhugasömum verður boðin þátttaka með auglýsingu. Leitast verður við að kynna verkefnið og framgang þess á

opnum vef og hvetja íbúa til að leggja inn í vinnuna efni, hugmyndir og skoðanir. Matthildur sagði að í vinnunni yrðu lagðar línur fyrir framfylgd svæðisskipulagsáætlunarinnar, þ.e. þá vinnu sem þarf að halda áfram þegar svæðisskipulag hefur tekið gildi.

Að kynningu lokinni voru lagðar spurningar fyrir fundarmenn, sem þeir svöruðu hver fyrir sig og eftir umræður í hópum. Björg stýrði þeim hluta og spurði fundarmenn fyrst um hvað verkefnið snerist í þeirra huga og hvað þyrfti að passa upp á við vinnslu þess. Því næst ræddu fundarmenn í hópum hverju væri mikilvægt að verkefnið skilaði, m.t.t. atvinnu-, samfélags- og menningarmála og umhverfis- og skipulagsmála, til skemmri og lengri tíma litið. Ráðgjafar munu nýta þá punkta sem komu fram til að skilgreina nánar áherslur og efnistöð verkefnisins við gerð verkefnislýsingar. Lýsingin verður til umfjöllunar á næsta fundi svæðisskipulagsnefndar sem fyrirhugaður er í lok mars.

Í lok fundar viðraði Björg vangaveltur ráðgjafa um heiti á verkefnið sjálft, en gott getur verið að vísa til verkefnisins með þjálfa heiti en „Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.“ Hún kallaði eftir hugmyndum þar um og sköpuðust skemmtilegar umræður í fundarlok.

Fundi slitið 19.15

Sent til: Aðal- og varafulltrúa í svæðisskipulagsnefnd og sveitarstjóra.